

Mál nr. 408/2018**M og
váttryggingafélagið V1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot M, móttakið 19. desember 2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 1. febrúar 2019.

Bréf V2, dags. 2. janúar 2019.

Málsatvik.

Árekstur varð við á Lyngdalsheiðarvegi við afleggjarann að Mjóanesi, þann 7.12.2018. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið Lyngdalsheiðarveg í vestur en hægt á sér og gefið stefnumerki til vinstri áður en hann kom að afleggjaranum í átt að Mjóanesi. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við bifreið B fyrr en hann beygði til vinstri inn að Mjóanesi þegar bifreiðin B hafnaði í vinstri hlið bifreiðar sinnar. Ökumaður B kveðst hafa ekið á 90 km hraða á eftir bifreiðinni A sem hægði skyndilega á sér. Hún hafi þá ætlað að taka fram úr A, þar sem hún hélt að ökumaðurinn ætlaði að stöðva bifreiðina en sá hafi þá skyndilega beygt til vinstri inn á afleggjara að Mjóanesi án þess að gefa stefnumerki. Af gögnum málsins má greina að hálfbrotin miðlína er á Lyngdalsheiðarvegi þar sem áreksturinn varð.

Álit:

Samkvæmt d-lið 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er heimilt að aka fram úr ökutæki við gatnamót ef umferð hefur forgang gangvart hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr. sömu laga. Þar sem umferð um Lyngdalsheiðarveg nýtur forgangs gagnvart annarri umferð er ljóst að ekki ríkir algjört bann við framúrakstri á umræddum stað. Sérstök varúðarskylda hvílir þó á öikumönnum sem ætlar að aka fram úr ökutæki skv. 20. gr. umferðarlaga. Fjallað er um akstur yfir miðlínu vegar í reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Í 23. gr. reglugerðarinnar segir m.a. að þar sem hálfbrotin lína er eftir akbraut, sé varhugavert að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Þá segir í 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga að ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt og að hann skuli gefa sérstaklega gaum umferð, sem á eftir kemur.

Það er varhugavert er að fara framúr bifreið þar sem heimilt er að beygja til vinstri yfir hálfbrotna miðlínu án þess að gætt sé nægilegrar varúðar. Á sama hátt er mikilvægt að ökumaður sem hyggst beygja til vinstri við slíkar aðstæður gefi sérstakan gaum að umferð sem á eftir kemur. Í ljósi þess sem fram kemur í gögnum málsins telur nefndin ljóst að hvorugur öikumanna hafi sýnt nægilega aðgæslu í aðdraganda árekstursins. Með hliðsjón af atvikum öllum sé því rétt að skipta sök vegna árekstrarins þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar fyrir ógætilegan framúrakstur yfir hálfbrotna miðlínu og ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar fyrir að hafa ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 26. febrúar 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.